

Hvalfjarðarsveit
Jökull Helgason
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 4. maí 2023
UST202304-020/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting – Deiliskipulag fyrir Hafnarfjall 2 í Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnarfjall 2 í Hvalfjarðarsveit.

Í erindinu kemur fram lóðin sem skipulagssvæðið takmarkast við er 9,54 ha að stærð en helstu breytingar með deiliskipulagstillögunni felast m.a. í að nýr byggingarreitur bætist við á lóðinni þar sem heimilt verður að byggja allt að 6 ný smáhýsi (gistihús).

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar vex upprunalegur birkiskógur á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á svæði á náttúruminjaskrá. Svæðið er nr. 237, og í skránni segir: „*Hafnarskógur, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Hafnarskógur og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlapúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. (1) Náttúrlegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að sem minnst verði hróflað við upprunalegum birkiskógi á skipulagssvæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar getur rask á birkiskógi raskað verndargildi svæðisins, því er mikilvægt að huga að vernd, mótvægisáðgerðum og endurheimt. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins rýri ekki verndargildi svæða á náttúruminjaskrá.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógur nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með

frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegunir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

(<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>)

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfissókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur